



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi Hnjóts 1 í
Örlygshöfn vegna deiliskipulags*

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

September 2025

NV nr. 19-25


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: September 2025
Skýrsla nr: 19-25	Verknúmer: 686	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Hnjóts 1 í Örlygshöfn vegna deiliskipulags		Unnið fyrir: Ferðapjónustan Hnjóti
Höfundur: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Hjóts 1 í Örlygshöfn í Vesturbyggð vegna deiliskipulags. Alls voru tíu minjar skráðar við fornleifaskráninguna. Sjö minjar voru innan deiliskipulagssvæðis og þrjár rétt utan við. Átta minjar voru horfnar og skráðar eftir heimildum og tvær voru sjáanlegar á yfirborði. Svæðið er að mestu raskað þar sem framkvæmdir, túnsléttun og vegagerð hafa farið fram innan eða rétt utan við reitinn.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlarið af: AR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	5
2.1	Tilgangur fornleifaskráningar	5
2.2	Skráning fornleifa	6
3.	Framkvæmdasvæðið	7
3.1	Saga Hnjóts	7
3.2	Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis	9
3	Niðurstöður	19
4	Heimildaskrá	21
5	Kort	22

1. INNGANGUR

Að beiðni Kristins Þórs Egilssonar Ferðabjónustunni Hnjóti Árborg gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit í landi Hnjóts 1, Örlygshöfn í Vesturbyggð. Gert er ráð fyrir tveimur afmörkuðum tjaldsvæðum, vélargeymslu sem jafnframt er þjónustuhús, bíla- og rútustæði og gestahús. Skipulagssvæðið er hluti af jörðinni Hnjótur 1 (L139872) og er um 1,5ha að stærð. Skipulagssvæðið liggur sunnan Örlygshafnarvegar, á landi sem kalla má heimatún Hnjóts 1, umhverfis íbúðarhúsið og upp á túnið sem heitir Balar.¹



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulum punkti.



Mynd 2. Staðsetning og fyrirhuguð notkun innan deiliskipulagsreits á Hnjóti 1.²

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 25. júlí 2025 og var unnin af Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttir og Atla Rúnarssyni fornleifafræðingum. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir sá einnig um skýrslu- og kortagerð.

¹ Vigfús Halldórsson. Án árs.

² Vigfús Halldórsson. Án árs.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3462 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3462-001.

3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

3.1 Saga Hnjóts

Hnjótur var áður í Rauðasandshreppi og er næsta jörð við Geitagil í Örlygshöfn. Jörðin hefur verið nefnd Örlygshnjótur eða Strákahnjótur.³

Hnjótur kemur fyrst fram í máldaga Hagakirkju á Barðaströnd frá árinu 1375. Þar segir; „In primis hun æ haga hinn minna. Muls land alltt. Halft holltt. Og slikt j rekum oc skogum sem hun hefr at fornu haftt. Skog j vatzdal j æmotum.“⁴ Í neðanmálgrein segir að æmotum sé Hnjótum.

Árið 1458 kemur Hnjótur fram í skrá um jarðir Kristínar Björnsdóttir í umboði Markúss um hluti kirkjunnar í Aðalvík. Þar segir; „hniotr. xx. Hundrada j adra tuo hlutina.“⁵ Hnjótur með ritháttinn Knjótur kemur fram árið 1467 þar sem Halldór Hákonarson selur séra Jóni Snorrasyni jörðina Hnjót á Rauðasandi fyrir Hól í Önundafirði og kúgildi.⁶

Örlygshnjótur er nefndur í sölubréfi frá 1501 þar sem „Hannes Etars Henriksson kaupmaðr og Reineki Grette Henriksson skipherra selja Andrésí Arasyni og Guðrúnu Klemensdóttur konu hans fimmtán hundruð í jörðinni Örlygshöfn í Patreksfirði fyrir þrjátíu vættir skeiðar.“⁷

Í jarðaskiptum frá 1556-1557 kemur Hnjótur fyrir þar sem Eggert lögmaður Hannesson og Þorlákur skiptast á ýmsum jörðum. „En hier a mothi gaf þratt nefndur Þorlákur Einarson optgreindum Eggert Hannissyni logmanni þessar epterskrifadar jarðer [...] v^c j jordinne Hniot j Orlogshofn er liggja j Patrisfirdi j Saudlausdals kirkiusokn.“⁸ Í jarðaskipabréfi frá 1557 „á Laugardal í Tálknafirði fyrir Gesteyri [Geirseyr] í Patreksfirði og 5 hundr. í Hnjót í Örlygshöfn.“⁹

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 er Hnjóti í Örlygshöfn lýst eftir farandi: „Jarðardýrleiki xx [hundruð]. Einagdinn biskupinn Mag. Björn Thorleifsson, en hans umboðsmaður húsrú Guðrún Eggersdóttir að Bæ á Rauðasandi. Ábúandinn Guðmundur Gunnlaugsson býr á x [hundruð]. Annar, Ari Gíslason, býr á x [hundruð]. [...] Kirkjuvegur hættur yfir ófæru múla. Heimræði ekki nema um ásumar og haust, en lending hætt og brimsöm, og alls ófær um fjöru. Skriða spilti högunum fyrir þrem árum.“¹⁰

Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* árið 1847 var dýrleiki Hnjóts 20, landskuld var 1,40 og kúgildi átta. Þar segir í neðanmálgrein að „Prestur nefnir í fólkstölulistanum, á milli Hnjóts og Vatnsdals, býlið Kyppu, sem hvergi annarstaðar finnst getið.“¹¹

Í örnefnaskrá segir um jörðina Hnjót; „*Landnáma skýrir frá því, að Örlygur Hrappsson kom skipi sínu þar sem heitir Örlygshöfn, (Sturlubók), og var þar um vetur. Fjörðurinn inn frá kallaði hann Rafreksfjörð. Síðar um 1500 er öruggt, að heitið Örlygshöfn merkir byggð, sem í eru þrjár jarðir: Tunga, Geitagil og Hnjótur. Allar voru þessar jarðir jafnar til tíundar eða 20 hundrað að dýrleika sem svarar til meðalmats jarða á Íslandi, og stóð svo til 1861. [...] Þá er eftir að skýra frá*

³ Ari Gíslason. Án árs.

⁴ *Diplomatarium Islandicum*. III. 1896, bls. 301.

⁵ *Diplomatarium Islandicum*. V. 1899-1902, bls. 163.

⁶ *Diplomatarium Islandicum*. V. 1899-1902, bls. 490.

⁷ *Diplomatarium Islandicum*. VII. 1903-1907, bls. 578.

⁸ *Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1933-1939, bls. 152.

⁹ *Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1933-1939, bls. 175-6

¹⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 323-324.


¹¹ Johnsen, J. 1847, bls. 183.

staðreyndum um Hnjót. Sem bæjarnafn er þetta eindæmisorð. Um tíðni þess í örnefnum er ekki vitað.¹²

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir um Hnjót: „Hnjótur (Örlygshnjótur). Hið upphaflega nafn hefur verið Örlygshnjótur; það kemur fyrir í bréfi frá 1501 (Fbrs. VII) en jörðin hefur langalengi verið nefnd Hnjótur. F. gengur, sjaldan þessu vant, svo lang, að lakka jörðina eingöngu Örlygshnjótur.“¹³

Á túnakorti frá 1920 er túnið á Hnjóti 3,6 ha að stærð, kálgarðar 1150 m² að stærð og 2/7 sléttuð.¹⁴

Í dag stendur bærinn í túni sem heitir Skollatunga.¹⁵



Mynd 3. Túnakort Hnjóts frá um 1920 (Þjóðskjalasafn Íslands).

¹² Egill Ólafsson. 1963.


¹³ Hannes Þorsteinsson. Árbók fornleifafélags. 1923. Bls 49.

¹⁴ Túnakort Hnjóts.


¹⁵ Örnefnaskrá Hnjóts. Bls.3.


3.2 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandasýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262304	572405
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Garðlag	Túngarður	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-001	1550-1900	 Mynd 4. Suður endi garðlags [3462-008].	
Vegghæð	Veggjabykk		
0,2-0,5 m	0,5-2 m		
Ástand	Friðlýst		
Greinanlegar			
Horfin	Horfin vegna		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Greinanlegt garðlag að hluta til þar sem garðlagið er enn sjáanlegt. Garðlagið er yfirvaxið og hefur einnig verið raskað að mestu vegna túnsléttunar. Einungis eru um 60 m sjáanlegir sunnan til á deiliskipulagsreitnum og um 19 m í austur horni reitsins. Þar sem grjót er sjáanlegt er breidd þess frá 0,5-2 m og hæð um 0,2-0,5 m. Garðlagið er mikið hrunið og er það hærra í suður enda svæðis. Á túnakorti frá 1920 er túnið á Hnjóti 3,6 ha að stærð, kálgarðar 1150 m² að stærð og 2/7 sléttuð.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 5. Garðlag 3462-008 teiknað inn á kort.	„Þar sem húsið stendur nú í túninu, hét Skollatunga. Hefur það nafn sitt af því hversu illþýft það er, og hefur ekki sleppt nafninu, þó þúfurnar séu horfnar. Sunnar er Viðivöllur og syðst Sporður. [...] Upp af sporði er holt, sem heitir Hjallholt. Þar upp af, yzt í túni, eru Balar, smá hryggir þar upp af er fjárrétt.“ Neðst í brekkunni neðan við Balana þar sem réttin er staðsett sést í garðlag. Garðlagið er í um 64 m suðaustan við núverandi íbúðarhús á Hnjóti.		
Heimildir Örnefnaskrá Hnjóts. Ari Gíslason Skráði. Án árs. Bls 3-4. Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandasýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.			



Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262342	572416
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Hleðsla	Rétt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-002	1550-1900	 Mynd 6. Rétt 3462-002	
Vegg hæð	Veggjabykk		
0,6 m	2 m		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Steinhlaðin rétt með tvö hól sem er staðsett fast upp við klett og er suðaustur endi hennar náttúrulegur klettur. Op er inn í réttina í átt að túni eða til norðvesturs. Réttin er 14 x 9 m á stærð og eru veggir um 2 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir og 0,6 m á hæð. Stærri hólfið er 6,6 x 5,5 m að innanmáli og minna hólfið er 2,5 x 2,5 m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 7. Uppmæling af rétt [3462-002].	„Þar sem húsið stendur nú í túninu, hét Skollatunga. Hefur það nafn sitt af því hversu illþýft það er, og hefur ekki sleppt nafninu, þó þúfurnar séu horfnar. Sunnar er Víðivöllur og syðst Sporður. [...] Upp af sporði er holt, sem heitir Hjallholt. Þar upp af, yzt í túni, eru Balar, smá hryggir. Þar upp af er fjárrétt“ Réttin er staðsett í um 70 m suðaustan við núverandi íbúðarhús á Hnjóti og 20 m suðvestan við nyrðri hluta garðlags [3462-001] og 30 m norðaustan við syðri hluta garðlags [3462-001].		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Örnefnaskrá Hnjóts. Ari Gíslason Skráði. Án árs. Bls 3-4.			


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262268	572381
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3462-003	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Sléttað yfir	Lýsing Á túnakort frá því um 1920 er sýnt hús eða hólf á garðlagi. Ekki er vitað hvert hlutverk þess hefur verið en líklega er þarna um útihús að ræða. Húsið er fast upp við garðlag [3462-002] og um 12 m suðaustan við heimild um hús [3462-4].	
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			


Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir
 Mynd 9. Hús [3462-3] merkt inn á túnakort. Rauða línan eru mörk skipulagssvæðis, og er húsið utan þess til suðvesturs.	Grasi gróið tún. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem húsið var staðsett og hefur það líklegast horfið vegna túnslettunar.
	Athugasemd Utan svæðis
	Heimildir Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262255	572392
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-004	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Sléttað yfir		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu	Framkvæmdir		
Lýsing			
Á túnakort frá því um 1920 er sýnt hús, líklega er þarna um útihús að ræða. Húsið er um 12 m norðvestan við heimild um hús [3462-3].			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Grasi gróíð tún. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem húsið var staðsett og hefur það líklegast horfið vegna túnsléttunar.		
	Athugasemd		
	Utan svæðis.		
Mynd 11. Hús [3462-4] merkt inn á túnakort. Rauða línan eru mörk skipulagssvæðis, og er húsið utan þess til suðvesturs.	Heimildir		
	Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.		


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262233	572445
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3462-005	1550-1900		
Veggshæð	Veggjapykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Vegagerðar, sléttað yfir		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Á túnakort frá því um 1920 er sýnt hús, líklega er þarna um útihús að ræða. Húsið er um 35 m suðvestan við [3462-6].			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Grasi gróið tún. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem húsið var staðsett og hefur það líklegast horfið vegna túnsléttunar og vegagerðar.		
Athugasemd			
Mynd 13. Hús [3462-5] merkt inn á túnakort.			
Heimildir			
Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262276	572466
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-006	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Bygginga		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Á túnakort frá því um 1920 er sýnt hús, líklega er þarna um útihús að ræða. Húsið er um 35 m norðaustan við [3462-5].			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 15. Hús [3462-6] merkt inn á túnakort.	Grasi gróið tún. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem húsið var staðsett og hefur það líklegast horfið vegna bygginga og vegagerðar.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
	Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262323	572454
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3462-007	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna	Lýsing Á túnakort frá því um 1920 er sýnt hús, líklega er þarna um útihús að ræða. Húsið er um 30 m norðvestan við rétt [3462-2].	
Já	Sléttað yfir		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Ljósmynd / teikning 		Umhverfi / staðhættir Grasi gróið tún. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem húsið var staðsett og hefur það líklegast horfið vegna túnsléttunar.	
Mynd 17. Hús [3462-7] merkt inn á túnakort.		Athugasemd	
		Heimildir	
		Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262273	572484
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Bæjarstæði	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-008	1550-1900	 Mynd 18. Yfirlitsmynd af íbúðarhúsinu á Hnjóti tekin með dróna.	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Bygginga		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Í örnefnaskrá Hnjóts segir að gamla bæjarstæðið á Hnjóti hafi verið staðsett vestan við lækinn úr Vandardal í um 16 m hæð. Í dag stendur bærinn í túni sem heitir Skollatunga. Í örnefnaskrá- viðbætur og athugasemdir kemur fram að Ólafur heimildarmaður þekki ekki Hnjót sem gamalt bæjarstæði en þar sem bærinn stendur nú, og að Kryppa hafi verið gamalt býli og að þar hafi verið gamlar húsatóftir. Á túnakort frá því um 1920 er sýnt hús fast upp við matjurtargarð [3462-9] líklega er þarna um íbúðarhús að ræða og að þarna sé bæjarhóllinn. Í sarpi eru skráðir munir sem fundust í jörðu á Hnjóti s.s. beinaverkfæri, tvær kotrur og spónskapt. Þar segir um koturnar, „Kotrukringlurnar eru tvær. Fundust í gamla kálgarðinum á Hnjóti 1943. Á sama stað fannst líka spónsköft no 1324 og 1325.“ og um spónsköftin segir, „Ábakhlið skaftsins er rist ártalið 1737 og fangamarkið SS. Áframhliðinni er útskurður. Skaftið fannst í jörðu á Hnjóti 1942. Bæði sköftin no1324 og 1325 fundust í kálgarðinum á Hnjóti fyrir framan gamla bæjarstæðið, þar höfðu verið gamlir öskuhaugar.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 19. Hús [3462-8] merkt inn á túnakort.	Húsið hefur verið staðsett í um 10 m vestan við núverandi íbúðarhús. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem húsið var staðsett og hefur það líklegast horfið vegna framkvæmda og vegagerðar á svæðinu.		
	Heimildir		
Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands. Örnefnaskrá Hnjóts. Ari Gíslason Skráði. Án árs. Bls 3-4. Örnefnaskrá Hnjóts. Viðbætur og athugasemdir. Svavar Sigmundsson skráði. Án árs. Bls 3. Minjasafn Egils Ólafssonar. Hnjóti. www.Sarpur.is			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262287	572478
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
		Matjurtargarður	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-009	1550-1900	 Mynd 20. Túnakort Hnjóts lagt yfir loftmynd.	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Bygginga		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Á túnakorti frá 1920 segir að túnið á Hnjóti sé 3,6 ha að stærð, kálgarðar 1150 m² að stærð og 2/7 sléttuð. Í sarpi eru skráðir munir sem fundust í jörðu á Hnjóti s.s. beinaverkfæri, tvær kotrur og spónskapt. Þar segir um kotrurnar, „Kotrukringlurnar eru tvær. Fundust í gamla kálgarðinum á Hnjóti 1943. Á sama stað fannst líka spónsköft no 1324 og 1325.“ og um spónsköftin segir, „Á bakhlið skaftsins er rist ártalið 1737 og fangamarkið SS. Áframhliðinni er útskurður. Skaftið fannst í jörðu á Hnjóti 1942. Bæði sköftin no1324 og 1325 fundust í kálgarðinum á Hnjóti fyrir framan gamla bæjarstaðið, þar höfðu verið gamlir öskuhaugar.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 21. Matjurtargarður [3462-9] merkt inn á túnakort.	Matjurtargarðinn var staðsettur undir núverandi íbúðarhúsi, garði þess og Örlygshafnarvegi. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem matjurtargarðurinn var staðsettur og hefur hann horfið vegna bygginga.		
	Athugasemd		
Heimildir			
Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands. Minjasafn Egils Ólafssonar. Hnjóti. www.Sarpur.is			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Vestur Barðastrandarsýsla	Vesturbyggð	Hnjótur	Hnjótur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
KSR/AR	25.6.2015	262264	572490
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
		Matjurtargarður	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3462-010	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Já	Vegagerð, sléttun		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Á túnakorti frá 1920 segir að túnið á Hnjóti sé 3,6 ha að stærð, kálgarðar 1150 m² að stærð og 2/7 sléttuð. Í sarpi eru skráðir munir sem fundust í jörðu á Hnjóti s.s. beinaverkfæri, tvær kotrur og spónskapt. Þar segir um kotturnar, „Kotrukringlurnar eru tvær. Fundust í gamla kálgarðinum á Hnjóti 1943. Á sama stað fannst líka spónsköft no 1324 og 1325.“ og um spónsköftin segir, „Ábakhlið skaftsins er rist ártalið 1737 og fangamarkið SS. Áframhliðinni er útskurður. Skaftið fannst í jörðu á Hnjóti 1942. Bæði sköftin no 1324 og 1325 fundust í kálgarðinum á Hnjóti fyrir framan gamla bæjarstæðið, þar höfðu verið gamlir öskuhaugar.“			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Matjurtargarðurinn var staðsettur að hluta til undir Örlygshafnarvegi og sléttuðu túni. Engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði þar sem matjurtargarðurinn var staðsettur.		
	Athugasemd		
	Utan svæðis.		
Heimildir			
Túnakort. 1920. Hnjótur. Vestur Barðastrandarsýsla, Rauðasandshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands. Minjasafn Egils Ólafssonar. Hnjóti. www.Sarpur.is			

Mynd 23. Matjurtargarður [3462-10] merkt inn á túnakort. Rauða línan eru mörk skipulagssvæðis, og er garðurinn utan þess til vesturs.

3 NIÐURSTÖÐUR

Alls voru tíu minjar skráðar við fornleifaskráninguna. Sjö minjar voru innan deiliskipulagssvæðis og þrjár rétt utan við. Átta minjar voru horfnar og skráðar eftir heimildum og tvær voru sjáanlegar á yfirborði, voru það garðlag [3462-001] og rétt [3462-002]. Svæðið er að mestu raskað þar sem framkvæmdir, túnsléttun og vegagerð hafa farið fram innan eða rétt utan við reitinn.

Tafla 1. Tafla yfir skráðar minjar

Númer	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hætta vegna
3462-1	Garðlag	Túngarður	Greinanlegar	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-2	Hleðsla	Rétt	Heillegar	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-3	Heimild	Óþekkt	Sést ekki	Engin hættu	Engin hættu
3462-4	Heimild	Óþekkt	Sést ekki	Engin hættu	Engin hættu
3462-5	Heimild	Óþekkt	Sést ekki	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-6	Heimild	Óþekkt	Sést ekki	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-7	Heimild	Óþekkt	Sést ekki	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-8	Heimild	Bæjarstæði	Sést ekki	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-9	Heimild	Matjurtagarður	Sést ekki	Hætta	Vegna framkvæmda
3462-10	Heimild	Matjurtagarður	Sést ekki	Engin hættu	Engin hættu

Rétt [3462-2] fer undir fyrirhugað ferðabjónustusvæði, tjaldsvæði, líkt og sést hér á myndinni að neðan. Þar að auki er fyrirhugað gera bílastæði þar sem heimild um hús [3462-6] var staðsett og veg eða slóða þar sem matjurtagarður [3462-9] var staðsettur. Heimild um hús [3462-7] er staðsett nálægt þar sem fyrirhugað er að reisa Hús 7.

Garðlag [3462-1] og heimildir um hús [3462-5] og [3462-8] ættu ekki að verða fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þar að auki heimildir um hús [3462-3], [3462-4] og matjurtagarður [3462-10] verða ekki fyrir raski þar sem þau eru staðsett utan svæðis.



Mynd 24. Minjar innan deiliskipulagsreits.

Þrátt fyrir að minjar séu ekki sjáanlegar á yfirborði er vert að benda á að samkvæmt menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir samstundis ef áður óþekktar fornminjar finnast undir sverði og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða næstu skref.

4 HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1983.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hannes Þorsteinsson. Árbók fornleifafélags. 1923. Bls 49.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Minjasafn Egils Ólafssonar. Hnjóti. www.Sarpur.is

Vigfús Halldórsson. Án árs. *Hluti af aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Deiliskipulag fyrir Hjóti Örlygshöfn.* Vesturbyggð.

Óútgefnar Heimildir

Túnakort. 1920. Hnjótur. *Vestur-Barðastrandasýsla, Rauðasandshreppur.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Hnjóts. Ari Gíslason skráði. Án árs. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn

Örnefnaskrá Hnjóts. 1963. Egill Ólafsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn

Örnefnaskrá Hnjóts. Viðbætur og athugasemdir. 1969. Svavar Sigmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn

5 KORT



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Skýringar

- Staðsetning
- Fornleifar
- Skipulagsreitur

0 25 50 m

Kort af skipulagssvæðinu og skráðum minjum með
túnakorti lagt yfir.


Mælikvarði 1:1100 Dags. 18.09.2025

Náttúrustofa Vestfirðja Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir



Skýringar

- Fornleifar
- Staðsetning



Kort af skipulagssvæðinu og skráðum minjum.


Mælikvarði 1:1000 Dags. 19.09.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir



Skýringar

- Fornleifar
- Staðsetning



Kort af skipulagssvæðinu og skráðum minjum með
túnakorti lagt yfir.

Mælikvarði 1:1000 Dags. 19.09.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir